

66. kirkjuþing 2024 - 2025

25. mál – þskj. 25a

T I L L A G A

til þingsályktunar um átak í fræðslu um kristinn kærleik og samkennd fyrir ungmenni.

Flm. Stefán Már Gunnlaugsson, Árni Helgason, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigurður Grétar Sigurðsson.

Kirkjuþing samþykkir að fela biskupi Íslands að efla fræðslu um kristinn kærleika með gerð fræðsluefnis fyrir efstu bekki grunnskóla sem og ungt fólk á framhaldsskólaaldri sem boðið væri uppá í þeim aldursflokkum. Þetta væri stuðningur við lífsleikniverkefni kirkjunnar í framhaldskólum sem nú þegar er fyrir hendi. Einnig skal móta leiðir til samstarfs við stjórnvöld og skólasamfélagið um að koma fræðsluefninu til markhópsins.

Greinargerð.

Tillaga þessi tekur mið af heildarmarkmiði fræðslustefnu þjóðkirkjunnar „Frá vöggju til grafar“ 2023-2026 sem tekur mið af að efla framlag kirkjunnar til samfélagsins og til málefna sem snúa að geðrækt og andlegri uppbyggingu fólks.

Átakið felst í því að bjóða grunn- og framhaldsskólum upp á fræðslu um kristinn kærleika. Markmiðið er að fræða um rætur og grundvöll kristins kærleika og réttlætis, sem er grundvöllur siðar og menningar í þjóðlífinu, stuðla að aukinni samkennd, virðingu og betri líðan nemenda og fræða um sálgæslu kirkjunnar. Fyrir meira en 20 árum var ráðist í átak að bjóða upp á fræðslu fyrir framhaldsskóla með gerð fræðsluefnis fyrir nemendur í lífsleikni. Það gaf góða raun og sannaði gildi sitt og tilgang. Það verkefni er enn við lýði í nokkrum framhaldsskólum þar sem að koma prestar og starfsfólk safnaðanna. Hér er tækifæri til að blása krafti í það verkefni á ný.

Vaxandi áhyggjur eru í samfélaginu um aukið ofbeldi í samskiptum meðal barna og ungmenna. Samkvæmt rannsóknum fjölgar börnum sem líður ekki vel og samkvæmt PISA kemur fram að íslenskir nemendur skora undir meðaltali OECD í forvitni, samkennd og samvinnu. Kristin trú og þau gildi sem hún boðar hefur um aldir verið kjölfesta íslensks samfélags. Það er alvarlegt, ef uppvaxandi kynslóðir fari á mis við fræðslu um það.

Áætlaður kostnaður tengdur átakinu eru 50% laun starfsmanns í eitt ár kr. 7.150.000.- Efniskostnaður, aðkeypt þjónusta og annar kostnaður um kr. 1.850.000.- Samtals kr. 9.000.000.-